

# FUNDARGERÐ

## 597. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 16. janúar, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Þorgerður Hlín Gísladóttir, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sat fundinn að hluta George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Varaoddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Varaoddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III-5 Viðtalstími sveitarstjórnarmanna.

*Afbrigði samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

### 2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram fundargerð 276. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 13. janúar 2020.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

#### 2.1. Garðakot – Umsókn um leiðréttingu lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn Direkta lögfræðipjónustu f.h. Vegagerðarinnar um leiðréttingu á vegsvæði undir Dyrhólaveg.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2.2. Austurvegur 18 – Umsókn um stækkun lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn frá Guðmundi Oddi Víðissyni f.h. Festi hf. um stækkun á lóðinni Austurvegi 18 um 55 m til suðurs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2.3. Þórisholt – Breyting á aðalskipulagi.

Nefndin samþykkti skipulagslýsinguna og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagna og auglýsa lýsinguna skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2.4. Þórisholt 4 – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn Írisar Guðnadóttur fh. Black Beach Guesthouse ehf. um

byggingarleyfi fyrir tveimur gistihúsum með fyrirvara um að deiliskipulag liggi fyrri áður en skipulags- og byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.5. Mýrdalshreppur – Endurskoðun aðalskipulags 2019 – 2031.

Nefndin lagði til að haldinn yrði íbúafundur til kynningar á skipulagslýsingu fimmtudaginn 6. febrúar nk.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.6. Breyting á skráningu staðfanga.

Nefndin samþykkti tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa um að skráningu húsanna við Austurveg 29-35 verði breytt í Klettsveg 6-12.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulagsnefnd að vinna að tillögum að frekari breytingum á götuheitum og húsnumurum þar sem þess er þörf.*

2.7.

### 3. Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns.

Lögð fram Fundargerð 183. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns, haldinn 8. janúar 2020.

Eftirfarandi er til staðfestingar í sveitarstjórn:

3.1. Nefndin samþykkti svohljóðandi tillögu:

„Rekstrarnefnd Hjallatúns leggur til við sveitarstjórn Mýrdalshrepps að kannaðir verði möguleikar á hagræðingu í rekstri hjúkrunarheimilisins svo rekstur þess megi verða sjálfbær. Í því augnamiði verði hafnar viðræður við heilbrigðisráðuneyti um rekstur heimilisins og framtíðarskipulag en ljóst er að það getur vart talist eðlilegt að íbúar Mýrdalshrepps greiði til langs tíma niður hjúkrunarþjónustu sem er enda málaflokkur ríkisins. Í því ljósi verði tekið tillit til einstakrar íbúasamsetningar sveitarfélagsins.“

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu rekstrarnefndar og felur sveitarstjóra og oddvita í samráði við forstöðukonu Hjallatúns og rekstrarnefnd að funda með ráðherra um málið.*

### 4. Umsókn um lóð.

Lögð fram umsókn frá Davíð Geir Jónassyni og Ann Irene Peters um lóðina Króktún 3. Til stendur að byggja einbýlishús úr timbri, framkvæmdir hefjist í apríl 2020 og áætlaður byggingartími er 8-14 mánuðir.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.*

### 5. Styrkbeiðni.

*RH Fmb  
V. Blö B*

Lögð fram styrkbeiðni frá forstöðukonu Kötluseturs ses. til framkvæmda og menningarmála í Kötlusetri, alls fyrir 333.000 kr.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.*

## 6. Umsagnarbeiðnir.

Fram voru lagðar eftirfarandi umsagnarbeiðnir frá Sýslumanninum á Suðurlandi:

- 6.1. Vegna umsóknar um rekstrarleyfi við Austurveg 16 fnr. 236-1456 til sölu veitinga í flokki II veitingahús frá Vatnabrandur ehf., kt. 680319-1380, ábyrgðamaður Guðjón Þ. Guðmundsson kt. 140881-5489.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.*

- 6.2. Vegna umsóknar um rekstrarleyfi við Sunnubraut 31 fnr. 229-6820 til sölu gistingar í flokki II íbúðir frá Elísabetu Ástu Magnúsdóttur, kt. 140487-2609.

Páll Tómasson víkur af fundi

*Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:*

*„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað.*

*Heimaging verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg Mýrdalshreppur 580 Fundargerð 19. september 2018 889 bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“*

*Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.*

*Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki athugasemd við veitingu rekstrarleyfisins til 1. janúar 2022.*

*Páll Tómasson kemur aftur inná fundinn.*

## 7. Húsnæðisáætlun Mýrdalshrepps 2020-2023.

Lögð fram tillaga að húsnæðisáætlun Mýrdalshrepps 2020-2023, unnin af VSÓ ráðgjöf. Áætlunin sýnir fram á umtalsverða þörf á íbúðarhúsnæði og þá sér í lagi íbúðum til langtímaleigu sem koma til móts við þörf á auknu rými til einkalífs. Áætlunin felur í sér stefnumörkun sveitarstjórnar um að skjóta sterkari stoðum undir þróun samfélagsins til framtíðar með því að auðvelda fólki að setjast að í sveitarfélaginu og skjóta rótum.

*Handwritten signatures in blue ink, including the name "Páll Tómasson".*



*Sveitarstjórn staðfestir fram lagða húsnæðisáætlun Mýrdalshrepps.*

## **8. Beiðni um lausn frá setu í sveitarstjórn.**

- 8.1. Fram var lagt erindi frá Ragnheiði Högnadóttur sem óskar eftir lausn frá setu í sveitarstjórn vegna búferlaflutninga frá og með 1. febrúar 2020.

*Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni og þakkar Ragnheiði fyrir samstarfið það sem af er kjörtímabilinu.*

- 8.2. Fram var lagt erindi frá Ástþóri Jóni Ragnheiðarsyni sem óskar lausnar sem varamaður í sveitarstjórn vegna búferlaflutninga frá og með 1. febrúar 2020.

*Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni og þakkar Ástþóri fyrir samstarfið það sem af er kjörtímabilinu.*

## **9. Breyting á nefndarskipan.**

Fram voru lagðar eftirfarandi breytingar á nefndarskipan.

- 9.1. Fræðslunefnd.

Í stað Pálma Kristjánssonar komi sem aðalmaður Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Í stað Ástþórs Jóns Ragnheiðarsonar komi sem varamaður Pálmi Kristjánsson.

Í stað Önnu Björnsdóttur komi sem aðalmaður Þorbjörg Kristjánsdóttir.

*Samþykkt samhljóða.*

- 9.2. Æskulýðs- og tómstundaneftnd.

Í stað Ástþórs Jóns Ragnheiðarsonar komi sem aðalmaður Jóhann Vignir Hróbjartsson.

Í stað Jóhanns Vignis Hróbjartssonar komi sem varamaður Katrín Lára Hjaltested.

*Samþykkt samhljóða.*

- 9.3. Umhverfisneftnd.

Í stað Ástþórs Jóns Ragnheiðarsonar komi sem aðalmaður Finnur Bárðarson.

Í stað Valgerðar Erlingsdóttur komi sem aðalmaður Sigrún Jónsdóttir

*Samþykkt samhljóða.*

- 9.4. Stjórn Kötluseturs.

Í stað Ragnheiðar Högnadóttur komi sem aðalmaður Elísabet Ásta Magnúsdóttir.

Í stað Elísabetar Ástu Magnúsdóttur komi sem varamaður Þórey R. Úlfarsdóttir.

*Samþykkt samhljóða.*

- 9.5. Hollvinasjóður Hjallatúns.

Í stað Ragnheiðar Högnadóttur komi sem aðalmaður Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

*Samþykkt samhljóða.*

- 9.6. Fulltrúi á sambandsþing SASS.

Í stað Ragnheiðar Högnadóttur komi sem varamaður Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

*Samþykkt samhljóða.*

9.7. Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

Í stað Ragnheiðar Högnadóttur komi sem varamaður Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **10. Yfirdráttarheimild fyrir Mýrdalshrepp.**

Sveitarstjóri leggur til að endurnýjuð verði yfirdráttarheimild hjá Arion Banka að fjárhæð 25.000.000 kr.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

#### **11. Ferð sveitarstjórnarmanna til Danmerkur.**

Fram lögð tillaga að utanlandsferð til Danmerkur fyrir sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi á vegum SASS. Ferðin verður dagana 9.-12. mars nk.

*Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar Mýrdalshrepps í ferðinni verði sveitarstjóri og oddviti.*

#### **12. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna.**

Drífa Bjarnadóttir var til viðtals mánudaginn 13. janúar sl. Til viðtals kom Sæmunda Fjeldsted og kom með ábendingu um lausagöngu hunda í Víkurþorpi.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir ábendinguna og felur sveitarstjóra að beita ákvæðum úr samþykkt sveitarfélagsins um hunda og kattahald.*

#### **13. Fundargerðir til kynningar.**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 201. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 17. desember 2019.

Fundargerð 49. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 18. nóvember 2019.

Fundargerð 72. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 12. desember 2019.

#### **14. Kynningarefni.**

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

Minnisblað vegna fundar með Sýslumanninum á Suðurlandi 12. desember 2019.

Minnisblað vegna fundar með Vegagerðinni 12. desember 2019.

Greinargerð starfshóps SASS vegna þarfagreiningar á heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands, að beiðni Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Bréf frá forstöðumanni Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu vegna umræðu um tvöfalda skólavist.

**Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:15**

Ingi Már Björnsson

Ingi Már Björnsson, varaoddviti

Þorgerður Guðnadóttir

Þorgerður Hlín Gísladóttir

Drífa Bjarnadóttir

Drífa Bjarnadóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Páll Tómasson

Páll Tómasson